

# Trétjörujárnsúlfat - grámaefni

## Efnislýsing

Trétjörujárnsúlfat (s. Tjærvitriol, e. Pine Tar Vitriol) er náttúruleg skógarafurð. Þegar viðarflötur er meðhöndlaður með trétjörujárnsúlfati færast náttúruleg efni sem sjálft tréð notar sér til varnar yfir á flötinn og gerir honum þannig kleift að þola raka á sama tíma og viðurinn nær að anda. Trétjörujárnsúlfat inniheldur einungis þrjú innihaldsefni: Trétjöru, balsamterpentínu og grátt litarefni (járnsúlfat). Trétjörujárnsúlfat er ætlað á greni og furu og hentar víða, m.a. við málun nútíma- og eldri timburhúsa.

Efnið er brúnleitt til að byrja með en þegar tjaran þrengir sér inn í viðinn til að verja það innanfrá, verður gráa litarefnið eftir utaná og gefur viðnum stílhreinan, hlýlegan gráma. Ferlið getur tekið mislangan tíma eftir gerð og ástandi viðarins. Veggir sem standa í miklu sólarljósi mattast meira en þeir sem standa í skugga.

Trétjörujárnsúlfat má nota á ómeðhöndlaðan við eða við sem hefur þegar verið meðhöndlaður með efninu eða verið tjargaður. Tjörulyktin dofnar fljótt og er að mestu farin eftir mánuð. Mælt er með að mála eingöngu með efninu utanhúss.

## Meðhöndlun

Trétjörujárnsúlfat er tilbúið til notkunar og ólíkt öðrum trétjöruefnum er engin þörf fyrir balsamterpentínu til þynningar. Best að gera bera efnið á í hlýju veðri, minnst 10°C. Þá er léttara að mála og efnið smýgur betur inn í viðinn.

Ekki er þörf á sérstökum grunni og er efnið borið beint á viðinn. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið síðan vandlega með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er. Ef flöturinn hefur áður verið meðhöndlaður með tjöru nægir að bursta óhreinindi og ryk í burt áður en hafist er handa. Ekki nota trétjörusúlfat á við sem er málaður fyrir með öðrum málningargerðum eða öðrum litum.

Hafa ber í huga að tjara er náttúruleg afurð sem getur verið nokkuð breytileg í útliti eftir framleiðslulotum. Ef margar dósir þarf í verkið er best að blanda innihaldinu úr þeim öllum saman. Þannig fæst örugglega sami litatónn á allan flötinn. Hrærið vel í dósinni áður en byrjað er að mála. Litarefnið getur botnfallið meðan á verki stendur og því gott að hræra upp í dósinni annað slagið.

Notið breiðan pensil, um 70-100 mm. Berið efnið á flötinn með svipuðum hætti og aðra „venjulega“ málningu og forðist að bera á í of þykku lagi. Málið minnst tvær umferðir til að fá sem besta vörn og jafnastan lit. Þar sem fyrri umferðin verndar vel er í góðu lagi að láta seinni umferð bíða í allt að eitt ár ef svo ber undir. Mælt er með að bera á flötinn á 3-7 ára fresti en tíðnin fer eftir veðrum og vindum, gæðum viðarins og loftslagi á staðnum.

## Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Litur:** Hlýr grár tónn

**Þynning:** Balsamterpentína. ATH! Ekki venjuleg terpentína

**Þurrktími:** 1-3 dagar, fer eftir undirlagi, veðri og vindum

**Lágmarkshiti við málun:** +10°C

**Þekja:** 6-10 fermetrar pr. lítra. Fer eftir undirlagi

**Pakkningar:** 1, 3 og 10 lítra dósir

**Hreinsun:** Balsamterpentína eða sápuvatn

**Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. 1.1/f) 700 g/l.)**

Inniheldur mest 487 g/l.